

## **Texopaque Classic OP og Texopaque Advantage ON vefnaðarlitir.**

Texopaque er vinsælasti og besti Plastisol fataliturinn frá FujifilmSericol. Hann er til beinnar alhliða silkiprentunar eða flutnings (transfer) prentunar á allan venjulegan fatnað, úr bómull eða bómull blandað gerviefnum. Hann er þekjandi, þolir teygju mjög vel og er tilbúinn til notkunar. Texopaque er léttur í hendi og ef bætt er í hann EZ-444 catalyst (hvata) eykst viðloðun verulega þegar prentað er á erfið gerviefni.

Aðal bindiefni Plastisol prentlita er Phthalate (þalat) og PVC, en þessi efni gefa Plastisol litum frábæra teygjueiginleika. Vegna krafna ýmsra stjórnvalda um að losna við þalat úr prentlit heftur Sericol sett Texopaque Advantage ON prentlitinn á markað. Þar til annað verður ákveðið munum við hafa báðar þessar gerðir af Texopaque á lager, enda má nota þær saman að vild.

Þéttleiki prentnets ætti að vera 34-100 þ.sm. nema þegar prentað er með málmlitum, gull eða silfur þarf opnara net, t.d. 21-27 þ.sm. Texopaque OP verður að þurrka í þurrkofni með blæstri. Kjör hitastig er 140°C í 1.5 - 3 mín. og fer það eftir gerð þurrkara, ástandi, magni og gerð prentlitar. Í infra rauðum þurrkara er þurrktími mun strytrri eða 15-90 sek. Nauðsynlegt er að fylgja þessum reglum því hrár litur getur brotnað og losnað úr flík. Við flutnings prentun skal millþurrka flutnings pappírinn við 100°C í 30-60 sek. og fullþurrka í hitapressu við 180-190°C í 10-15 sek. Fjarlægja skal flutnings pappírinn varlega eftir að hann hefur kólnað.

Fatnaður prentaður með beinni prentun eða flutningsprentun með Texopaque OP þolir venjulegan heimaþvott allt að 60°C. Plastisol litir þola ekki þurrhreinsun. Yfirleitt er ekki ráðlegt að strauja fatnað, sem prentaður hefur verið með Plastisol litum nema þá á röngunni. Ef fatnaður, sem prenta skal á er mjög dökkur getur verið nauðsynlegt að nota þekjandi hvítan Plastisol sem undir eða aðallit. Við mælum þá með FWA Flash Cure hvítum lit eða LB021, kallaður Low Bleed, sem dregur úr líkum á blæðingu grunn litar úr fataefni eftir þurrkun.

“Fibrillation”. Þetta orð finnst ekki í orðabók, en fibrillation er þegar þræðir í vefnaði fara upp gegnum prenthúð við þvott og gefur prentmynd dauft útlit. Ekki er um að kenna rangri meðhöndlun á prentlit við þurrkun en hægt er að ráða bót á þessu á eftirfarandi hátt: Hafa prenthúð þykkari með því að nota opnara prentnet, prenta first með undirlit, sem er snertþurrkaður, eða bæta í prentlit EZ444 Nælon catalyst (hvata).

Litaúrval Texopaque OP samanstendur af 24 litum tilbúnum til notkunar eða blöndunar eftir Pantone litakerfi, ásamt flúresent og forfór sjálflýsandi litum. Íblöndunarefni eru fá; ZE591 þynnir, sem notast allt að 5% eftir þyngd, EZ444 hvati, sem eykur viðloðun litar á gerviefni, sem þola illa háhitapurrkun, notkun allt að 5% og OP417 þanefni, (puff) sem blandast 3-1 í prentlit.

Alltaf skal hræra prentlit vel upp fyrir hverja prentun og ráðlegt er að reyna festu litar á prentgrip áður en framleiðsluprentun hefst. Hafi hjálparefni verið bætt út í prentlit, má aldrei hella lit til baka í dósina.